

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Sléttuvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun á svæði norðan Sléttuvegar breytist úr svæði fyrir þjónustustofnun í íbúðarsvæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 300 íbúðum.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.